

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Patreksfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	9.6.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Vigfússon	Staðsetning	269447,152 575484,402

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá starfsleyfi fannst við eftirlit. Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Tvö ár eru liðin frá síðasta eftirliti. Vottunaraðili fyrir umhverfisgæðakerfið var líka á ferð á haustdögum 2014. Komið var í olíubirgðastöðina og farið yfir mælingar og skráningar með stöðvarstjóra. Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi. Stöðvarstjóri hefur gert athugasemd við tvö atriði vegna geymis #1 (T1014) þar sem lóð í hæðarmæli er fast og einnig virðist flotliður í geyminum standa á sér.

Allir geymar voru botnþykktarmældir árið 2009 og nýlega málaðir. Ástand geyma gott. Bensíngeymar eru hysjaðir og því þaktir jarðvegi. Lagnir nr. 450.50.00, 450.60.00, 450.61.00, 450.68.00 og 450.69.00 voru þrýstiprófaðar árið 2014. Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki sem eru á olíubirgðastöðvum þar sem gegnumstreymi er minna en 5000 tonn á ári, undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað og ákvæði um fljótandi innra þak. Stöðin á Patreksfirði fellur undir þetta ákvæði.

Olíuleifar í frárennsli olíuskilju var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf. Olíuskilja var síðast tæmd í janúar 2016.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Úrgangsolía stendur á tankkerrum utan við stöðina. Finna þarf betri lausn við geymslu á uppsafnaðri úrgangsolíu.

Girðing og hlið að stöðinni voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Finna þarf betri lausn við geymslu á úrgangsolíu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.07.2016

Gottskálk Friðgeirsson